

# STRÖNDUNGUR

16. júlí 2013 ★ 1. tbl. 1. árg.



Ákveðið hefur verið að fara af stað með fréttabréf sem sent verður mánaðarlega, þriðja þriðjudag í mánuði, á öll heimili í Svalbarðsstrandarhreppi og hefur hlotið nafnið *Ströndungur*.

Umsjónarmaður verður Sandra Einarsdóttir og viljum við hvetja alla sem hafa áhuga á að koma einhverju á framfæri við íbúa hreppsins að hafa samband við hana. Best er að senda tölvupóst á [sandra.einars@gmail.com](mailto:sandra.einars@gmail.com) en einnig er hægt að hafa samband í síma 462-2144 eða gsm 866-2110.

Vonumst við til að þetta fái góðar undirtektir og verði skemmtileg lesning með margbreytilegum upplýsingum frá hreppnum, stofnunum, félögum og ekki síst íbúum.

Kveðja frá sveitarstjórn

---

## Sumarlökun skrifstofu

Skrifstofa Svalbarðsstrandarhrepps verður lokuð frá og með mánu-  
deginum 15. júlí til föstudagsins 26. júlí.

Ef um er að ræða brýn erindi sem ekki þola bið hafið samband við  
Guðmund Bjarnason eða Helgu Kvam.

Sveitarstjóri

---

**Sundlaugin** á Svalbarðseyri verður opin í sumar sem hér segir:

Þriðjudaga kl. 17-20

Miðvikudaga kl. 17-20

Fimmtudaga kl. 16-19

Laugardaga kl. 10-13

Hægt er að leigja laugina utan opnunartíma skv. samkomulagi við  
umsjónarmann. Gjald fyrir leigu er 12.500 kr. fyrir 2 klst. Gæsla og þrif  
eru innifalin í leigugjaldi.

Umsjónarmaður sundlaugar er Sölvi Fannar Sigmarsson, s. 843-0790.

Verið er að endurskoða opnunartíma sundlaugar með það í huga að  
auka ham. Fylgist með á heimasíðu hreppsins [www.svalbardsstrond.is](http://www.svalbardsstrond.is).

---

**Næstu rusladagar:**

18. júlí - Endurvinnsla

25. júlí - Almennt sorp

8. ágúst - Almennt sorp

15. ágúst - Endurvinnsla

Íbúar eru minntir á að taka poka fyrir almennt sorp upp úr tunnum  
tímanlega og binda fyrir.

---

## Bókasafnið

Mínum á opnunartíma bókasafnsins á mánudögum kl. 17-19 í Ráðhúsinu.

---

## Æskan

Stjórn Æskunnar ákvað að fella frjálssíþróttæfingar sumarsins niður þar sem mæting á þær var afar dræm. Við viljum gjarna heyra frá iðkendum og foreldrum iðkenda hafi þeir tillögur að betri tímasetningum eða aðrar hugmyndir sem gætu blásið lífi í frjálssíþróttastarfið. [aaskan.umse.is](http://aaskan.umse.is)

---

## Kirkjan

Fyrirhuguð Þönglabakkamessa þann 28. júlí nk. hefur verið felld niður vegna ófærðar út í Fjörður. Hins vegar er stefnt á Þönglabakkamessu að ári sumarið 2014 síðustu helgina í júlí.

Bolli Pétur Bollason

---

## Litið um öxl

Þessi auglýsing birtist í Norðanfara árið 1876:

“— Þareð sá ósiður fer mjög í vöxt, að menn þeir, er fara hjer um Svalbarðsströnd, ríða út af þjóðveginum, sem liggur hjer fyrir ofan túnin, og ríða beina leið hjer á milli bæjanna Svalbarðs og Mógils, og troða niður og skemma bæði tún okkar og engi, þá fyrirþjóðum við öllum hjer eptir að ríða þennan veg. En þeir, sem þurfa, eða ætla, að koma heim að bæjum okkar, verða að fara þær göturnar, sem liggja af þjóðveginum beint ofan túnin niður að bæjunum. Þeir, sem gjöra sig seka í því, að brjóta móti þessu forboði okkar, mega búast við því, að við munum afdráttarlaust leita rjettar okkar.

*Svalbarði og Mógili 20. maí 1876.*

*Baldvín Jónsson. Sigurður Jónsson.*”

Norðanfari, 6. júní 1876, 15. ár, nr. 23.-24., bls. 48.

[www.timarit.is](http://www.timarit.is)

---

Finndu okkur á **Facebook** - *Svalbarðsstrandarhreppur*.

Ströndungur kemur næst út þriðjudaginn 20. ágúst.